



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2021
Tilvísun: 2103022/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið birti þann 26. febrúar sl. í samráðsgátt stjórnvalda, drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.) Landhelgisgæsla Íslands hefur fjallað um frumvarpsdrög þessi.

Landhelgisgæsla Íslands telur það mikið framfaraskref að viðurlagaumhverfi á sviði fiskveiðistjórnunar sé einfaldað og samræmt með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpsdrögunum með því að koma á heildstæðu viðurlagakerfi vegna brota á lögum á sviði fiskveiðistjórnunar. Landhelgisgæslan telur það til mikillar einföldunar að Fiskistofu verði veitt heimild til að ljúka málum er varða brot á fiskveiðilöggjöfnum með stjórnvaldssekt. Með því móti er stuðlað að mun einfaldari og skilvirkari málsmeðferð sem felur í sér minni kostnað fyrir málsaðila og tekur málsmeðferð að jafnaði mun skemmri tíma en málsmeðferð fyrir dómstólum. Stjórnvaldsviðurlög eru almennt mun hagkvæmari og skilvirkari leið en dómstólameðferð.

Landhelgisgæslan tekur undir það sem fram kemur í greinargerðinni að það sé afar mikilvægt að Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands hafi gott samráð um það hvaða mál skuli teljast meiriháttar brot og hvaða mál skuli sæta kærnu til lögreglu og þannig verði tryggt að sambærileg mál fái sambærilega meðferð sem er eitt megin markmiða þessara frumvarpsdraga.

Virðingarfyllst,

Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur